

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 26. maí 2014
Tilvísun: UST20140500035/ksj


Svínhagi, Rangárþingi ytra. Tillaga að deiliskipulagi landbúnaðarlóðar.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi íbúðarlóðar í landi Svínhaga. Skipulagssvæðið er 13 ha spilda. Gert er ráð fyrir byggingarreitum fyrir íbúðarhús og landbúnaðarbyggingar í deiliskipulaginu.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að varðveita upprunalegt íslenskt birki ef það er að finna á lóðinni. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna, því þarf að vera greið leið fyrir gangandi meðfram Selsundslæk. Ofangreint deiliskipulagssvæði er á Hekluhraunssvæði en hraunið er mikið vikur- og sandorpið. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að varðveita heillegar hraunmyndanir á svæðinu ef þær eru að finna sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun